

# Verkmenntaskólinn á Akureyri



Akureyri 25. nóvember 2013

## Matsönn VMA í janúar-maí 2014

**Á vorönn 2014 verður boðið upp á matsönn VMA í fjórða sinn. Fyrirkomulag matsannar er með þeim hætti að nemendum 10. bekkjar grunnskóla er gefinn kostur á að sækja áfanga í fjarnámi VMA enda sækji þeir líka um VMA í forinnritun í framhaldsskóla.**

Matsönn er einskona „aukaönn“ ætluð grunnskólanemendum í 10. bekk, sem hafa ákveðið að sækja um skólavist í VMA á komandi haustönn og hyggjast nýta sér sveigjanleika áfangakerfisins til að flýta námi sínu til almenns stúdentsprófs, stúdentsprófs að loknu starfsnámi eða framhaldsskólanámi af hvaða tagi sem er. Einingarnar sem nemendur öðlast á matsönn verða metnar og öðlast nemendur þannig rétt til þess að innrita sig í framhaldsáfanga í viðkomandi greinum þegar þeir hefja nám í VMA að hausti eftir því sem við á.

Boðið er upp á áfanga í kjarnagreinum eins og ensku (ENS103), íslensku (ÍSL103), dönsku (DAN102) og stærðfræði (STÆ102) en einnig aðra áfanga eftir samkomulagi eins og 3. tungumál eða náttúruvísindagreinar enda hafi nemi stundað nám í þeim greinum á efsta stigi grunnskóla.

Nemi þarf að hafa náð að jafnaði **8,0** í einkunn í 9. og/eða 10. bekk í þeim greinum sem sótt er um.

**Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2014.** Lokapróf í fjarnámi fara fram fyrri hluta maí.

Nemendur greiða kr. 16.000, sem er innritunargjald haustannar og gjald fyrir nýnemaferð á haustönn.

*Ath. Nemi verður að sækja um nám í VMA. Geri nemi það ekki verður hann tekinn af áfangalistum viðkomandi áfanga og litið svo á að hann hafi sagt sig frá námi.*

**Allar frekari upplýsingar má nálgast hjá námsráðgjöfum og áfangastjórum,**

Svava Hrönn Magnúsdóttir ([svava@vma.is](mailto:svava@vma.is)), Ásdís Birgisdóttir ([disa@vma.is](mailto:disa@vma.is)) og Benedikt Barðason ([bensa@vma.is](mailto:bensa@vma.is)) og í síma 464-0300.

*Með góðri kveðju, Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari*